



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS  
*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/453*  
*komudagur. 3.12.2002*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3.12.2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um tekjuskatt og eignaskatt, 324. mál.

Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

- Að heimilt verði að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta.
- Að framlengja sérstakan tekjuskatt um eitt ár og lækka skatthlutfallið jafnframt úr 7% í 5%.
- Að breyta vaxtaákvæðum laganna til samræmis við lög um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.
- Breytingar sem snúa beint að skattaframkvæmdinni.

Alþýðusambandið telur óeðlilegt að auka möguleika fyrirtækja til að komast hjá greiðslu tekjuskatts með því að heimila þeim að nýta yfirfæranlegt tap í tíu ár í stað átta. Þessa breytingu verður að skoða í því samhengi að tekjuskattshlutfall lögaðila hefur verið lækkað verulega og er nú aðeins 18%. Þetta hefur leitt til þess að tekjuskattur lögaðila sem hlutfall af heildarskatttekjum ríkissjóðs hefur lækkað umtalsvert á liðnum árum. Þannig nam tekjuskattur lögaðila 4,8% af heildarskatttekjum ríkissjóðs árið 2000 en stefnir í að vera um 2,3% á næsta ári samkvæmt frumvarpi til fjárlaga.


Samkvæmt frumvarpinu er einnig lagt til að sérstakur tekjuskattur verði framlengdur um eitt ár en skatthlutfallið lækki úr 7% í 5%. Alþýðusambandið telur eðlilegt að þessi skattur verði framlengdur en telur eðlilegra að lækka skattbyrði á almennt launafólk frekar en hátekjufólk.

Almennt má segja um framangreindar tillögur að þær hafa í för með sér lækkun á sköttum fyrirtækja og hátekjufólks. Á sama tíma er

verið að auka skattbyrði á almennt launafólk með því að láta skattleysismörk ekki halda í við almennar launabreytingar. Almennt launafólk er því að greiða sífellt stærri hluta tekna sinna í tekjuskatt.

Alþýðusambandið gerir ekki athugasemdir við önnur atriði frumvarpsins.

f.h. Alþýðusambands Íslands



Ólafur Darri Andrason,  
deildarstjóri hagdeildar